

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1546  
komudagur 1.3.2011

Date: 21:15:52 Yesterday

Subject: Þingmál 359 - ferða- og gistináttagjald

Góðan daginn

Cruise Iceland samtökin vilja gjarnan koma á framfæri við Efnahags- og Skattanefnd eftirfarandi athugasemdum við frumvarp undir þingmál 359:

12. gr. gildistaka 1. september 2011.....breytist í.

12. gr. gildistaka 1. október 2011.

rökin fyrir því að færa gildistöku laganna aftur um einn mánuð eru þau að skemmtifeðraskipin koma nokkuð mörg í september til Reykjavík en "vertíðarlokin" eru ca. 1. október ár hvert. Með því að færa gildistöku aftur um einn mánuð mun einfalda og auðvelda alla framkvæmd um gildistöku laganna hvað varðar skemmtiferðaskip, en eins og nefndarmenn gera sér líklega grein fyrir þá er búið að selja í þessar ferðir nú þegar að miklu leyti en væntanlegt gjald á farþega hefur ekki verið sett á og því ekki innheimt í farseðli viðkomandi farþega.

Við vonum að nefndin sjái sér fært að taka tillit til þessara ábendinga þó þær komi seint en Cruise Iceland fékk ekki ábendingu frá Alþingi um að gera athugasemdir við frumvarpið og gerir slíkt því að eigin frumkvæði.

Með góðum kveðjum  
f.h. Cruise Iceland  
Ágúst Ágústsson, stjórnarformaður